

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 HafnarfjörðurOpin mán.-fös. kl. 8-16.  
Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfus Hallgrímsson  
Þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamál í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3800 í nálægt 180 bekkjardeildum og kennarar eru hátt í 400 en starfsmenn allir kringum 600. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli. [www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli. [www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli. [www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli. [www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli. [www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli. [www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli. [www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli. [www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefnunnar [www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

4. ÁRGANGUR, 17. TBL.


7. DESEMBER 2007

## Árangursstjórnunarvinnan á fræðsluviði

Vinnuhópur árangursstjórnunar á fræðsluviði hefur unnið hörðum höndum að því að vinna að stefnukorti fyrir fræðsluvið og vinna að gerð mælikvarða í samræmi við það. Þeirri vinnu er að mestu lokið en samræmingar- og yfirlestur enn í gangi. Jafnframt hefur vinna vinnuhópsins verið til umræðu á árangursstjórnunarnámsskeiði fyrir skólastjórnendur í bænum sem er nokkurs konar rýnihópur fyrir vinnuhópin. Stefnukortið er hér birt en það er

frekar smátt og erfitt að lesa það hér en verður nánar kynnt síðar, væntanlega í starfsáætlun fræðsluviðs fyrir árið 2008. Mikil vinna er þó framundan í

verkefningu og nóg við að fast en margir leik- og grunnskólar hafa þegar gert árangursstjórnunarsamning við bæinn.



## Fjögur menntafrumvörp fyrir þingi

Menntamálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi fjögur ný frumvörp um skólamál. Þetta er lög um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Jafnframt hefur ráðherra opnað nýja vef þar sem opnað er fyrir umræðu um frumvörpin (sjá slóð hér neðar).

Frumvörpin hafa átt nokkurn aðdraganda því þau voru samin í vinnuhópum með fulltrúum ýmissa aðila. T.d. sat Ingi-björg Einarsdóttir, skrif-



stofustjóri Skólaskrifstofunnar, í starfshópi sem vann frumvarpið um leikskóla.

Mörg nýmæli eru í frumvörpunum um skólastarf og ekki hægt að koma því við að kynna slíkt hér. Best er að kynna sér frumvörpin og má nálgast þau á umræddri vefsíðu. Þar má jafnframt koma með fyrirspurnir til menntamálaráðherra, lesa greinargerðir við frumvörpin og fá sömuleiðis viðhorf nokkurra fagaðila til þeirra.

Verði frumvörpin samþykkt

í líkri mynd er talsverðra breytinga að vænta, m.a. á kennaramenntun. Til að fá starfsréttindi sem kennari mun þurfa meistarapróf en fram til miðs árs 2011 mun BA/B.Ed. próf duga.

Það er án efa nauðsynlegt fyrir kennara að átta sig á þeim breytingum sem eru í vændum.



## FRÉTTIR

úr  
stjórn-  
kerfi

### Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 3. desember  
150. fundur:

- Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneyti um fermingarfræðslu á skólatíma.
- Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneyti um samning við Friðrik Þór Friðriksson um leyfi skóla til að sýna kvikmyndir hans. Jafnframt felur samningur í sér að Friðrik geti heimsótt ákveðinn fjölda skóla á ári þeim að kostnaðarlausu.
- Óskað umsagnar fræðsluráðs um leyfi til að setja gsm-möstur á Áslandsskóla, Íþróttamiðstöðinni Asvöllum og Flesnberg ásamt nauðsynlegri aðstöðu. Afgreiðslu frestað.
- Kynnt tillaga að deiliskipulagi Hamraneshverfis þar sem næsti grunnskóli verður. Kynnt tillaga að skipulagi skólalóðar sérstaklega.
- Lagðar fram tillögur vegna fjárhagsáætlunar ársins 2008.

## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Í jólaþorpinu í Hafnarfirði heldur hin ævintýrlega stemming áfram um helgina. Mikið fjör verður á morgun þegar félagsmiðstöðvar bæjarins mæta með fjölbreytt tónlistaratriði og X-Faktor stjarnan Alan Jones syngur lög af nýútgefinni plötu sinni. Krakkarnir í barna- og unglingaleikritinu *María, Asninn og Gjaldkerarnir* taka vel valin atriði og Grýla og Gluggagægir mæta að sjálfsgöðu til þess að sýna sig og sjá aðra í eina jólaþorpi Íslands. Á sunnudaginn sjá svo Felix og Gunni um eina alvöru jólaballið sem haldið er undir berum himni. Jólaböllin hafa slegið í gegn enda frábært tækifæri fyrir börn og fullorðna að liðka sig og koma sér í stuð fyrir jólin. Í litlu jólahúsunum er ýmislegt í boði sem tilvalið er að setja í jólapakka. Alls konar gjafavara, heimilisiðnaður, handverk og hönnun, ásamt gómsætum veitingum líkt og heitu kakói, vöfflum og bakkelsi. Jólaþorpið er opið frá 12-18 allar helgar fram til jóla. Næg bílastæði, ferskt loft og ekkert stress!



» **Skólavefritið** minnir áfram á jólaþrautir Námsgagnastofnunar þar sem ný stærðfræðiþraut kemur á hverjum degi fram undir jól. Vefslóð er <http://www.namsgagnastofnun.is/jol2007/index.htm>.



## Hlutverk lista og listnáms í skólastarfi

Fræðiefni vikunnar er bandarísk skýrsla, **Creativity, Culture, Education and the Workforce** og er 36 síður að lengd og í pdf-sniði á vefnum til útprentunar. Í meginatriðum er skýrslan að taka á þætti sköpunar og lista í almennu skólastarfi og nauðsyn þess að í skólum sé boðið upp á nám þar sem listir og húmannískar greinar séu góður þáttur í skólastarfi. Slíkt sé ekki síst nauðsyn á hnattvæðingar- og tæknitímum að leggja áherslu á mannleg gildi og sköpunarþarfir


manneskjunnar án þess að því sé neitað að nemendur þurfi líka hagnýta þekkingu fyrir tæknisamfélagið eins og tæknin kalli á á hverjum tíma. Skapandi hugun og nauðsyn menntunar á sviði lista og húmaískra fræða geti verið forsenda þess að manneskjan þrífist í flóknu og kröfuhöfðu viðskiptasamfélagi.

Í skýrslunni er bandaríska menntakerfið skoðað og hvernig hægt sé að tengja listnám betur inn í það. Í skýrslunni eru auk þess margar tillögur og ábending-

VEFSLÓÐ: <http://www.culturalpolicy.org/pdf/education.pdf>

## Fræðiefnið

ar. Fróðlegt og áhugavert til að minna á nauðsyn lista í mannlegu samfélagi.



Næsta blað  
**Skólavefritsins** er  
væntanlegt föstudaginn  
14. desember 2007

## Streitt(ur) í kennarastarfinu?

### Stress Management Website

professional  
support  
strategies

for educators

Vefur vikunnar er hjálparvefur gegn streitu og er sérstaklega hugsaður til að veita kennurum faglega hjálp til að verjast streitu í starfi. Streitustjórnun felur í sér að verja eigið sjálf gegn van-

líðan, óþarfa álagi og eiga líf eftir að kennslu lýkur á skóladeginum. Þá einnig fjallað um hvernig sé hægt að verjast gegn kulnun í starfi (burn-out) og að læra að slaka á.

Á vefnum eru veittar handhægar leiðbeiningar, margar ráðleggingar og margvíslegur fróðleikur.

Njóttu aðventunnar án streitu.

VEFSLÓÐ: <http://winona.edu/stress/>